

Fundargerð skólaráðs miðvikudaginn 22.11

Málefni fundar;

Yfirferð á skýrslu um innra mat sem tekin var til samþykktar á fjölskylduráðsfundi þriðjudaginn 21.11 2023.

Umræða um samstarfs grunnskólans á Borgarfirði og grunnskólans í Fellaskóla. Fulltrúar nemenda veltu fyrir sér hvernig söfnun í nemendasjóð/ ferðasjóð er háttað hjá nemendum á Borgarfirði sem eru þrír í 9. bekk og stendur til boða að fara með nemendum Fellaskóla í skólaferðalag kjósi þær það.

Ræddum möguleika Borgarfjarðarskóla á að fara í skólaferðalag með Fellaskóla og svo einnig í skólaferðalag til útlanda eins og hefð er fyrir á Borgarfirði og hvort þeim þætti það sanngjarnt? Þeim fannst það ekki vera sitt mál en höfðu heyrt umræðuna á meðal nemenda.

Fulltrúar nemenda í skólaráði ræddu möguleikann á að bjóða uppá hafragraut í skólanum. Sérstaklega væri það gott á þriðjudögum og fimmtudögum en þá eru langir dagar og fiskur í hádeginu. Þær stungu upp á að gera könnun meðal nemenda eða láta þá skrá sig sem ætla að kaupa hafragraut daginn eftir. Og best væri að hafa grautinn í boði frá kl. 9.00 – 9.10.

Við ætlum að gera tilraun með þetta en fyrst heyra í öðrum skólum sem hafa gert þetta. Hvernig hefur gengið og hefur þetta bætt líðan og geð ungmenna í skólanum?

Fórum yfir starfsáætlun skólans og stikkludum á stóru. Starfsáætlun er á heimasíðu skólans.

Ræddum skólaferðalag 9. – 10. bekkjar. Farið verður á Bakkaflöt í Skagafirði 13. – 15. maí.

Ræddum líka símalausa fimmtudaga á unglíngastigi, fram og til baka. Stefnum að því að vera símalaus skóli frá og með áramótum en það gengur ekki vel ef foreldrar eru ekki með okkur í liði. Fulltrúum nemenda í skólaráði finnst þessir símalausu fimmtudagar fekar hlægilegir þar sem engin viðurlög liggja við broti á reglunum og það séu allir í símanum sínum – láti bara lítið fyrir því fara. Við ætlum að kynna okkur hvernig fyrirkomulagið er í t.d Egilsstaðaskóla sem bannar símana alfarið frá áramótum? Hver eru viðurlögin við broti á skólareglunum? Hver fylgir því eftir að farið sé að reglum? Hvernig er skráningum háttað og flr.

Næsti fundur verður í janúar 2024 og þá ákveðum við tíma og fyrirkomulag á morgunverðarfundi sem við erum allar sammála um að hafa verið góður og skemmtilegur grundvöllur til samræðna. Niðurstöður af síðasta morgunverðarfundi eru inni í skýrslu um innra mat en þar var unnið út frá innleiðingu farsældarlaga og barnasáttmála sameinuðu þjóðann þar sem við veltum fyrir okkur hvernig við skólinn, foreldrar og samfélagið gætum bætt aðbúnað og líðan barnanna í okkar nærumhverfi. Margar góðar og skemmtilegar hugmyndir komu fram hjá foreldrum og nemendum.

Fleira ekki bókað

Anna Birna Einarsdóttir